

75 ára.

Frú Sigríður Pálsdóttir.
Siglufirði.

Frú Sigríður er fædd í Holti við Reykjavík 5. nóv. 1856. Voru foreldrar hennar Páll Magnússon óðalsbóndi og útgerðarmaður, er þar bjó langa æfi og var kunnur maður meðal hinna eldri Reykvíkinga, og kona hans Guðný Lýðsdóttir. Sigríður ólst upp með foreldrum sínum þar í Reykjavík til tvítugsaldurs og mun hafa notið þar betri mentunar en alment gerðist á þeim árum, og kom hún henni að góðu haldi síðar í lífinu.

Tvítugi fluttist hún norður að Steinni í Húnavatnssýslu til Eiríks prófasts Briem og konu hans og dvaldist þar til haustsins 1879 að hún fluttist hingað til Siglufjarðar. Hjer giftist hún 9. apríl 1880, Hafliða Guðmundssyni, síðar um langt skeið hreppsstjóra hjer. Hefir frú Sigríður dvalist óslitið hjer í Siglufirði æ síðan. Mann sinn misti hún 12. apríl 1917 og hefir hún síðan dvalist hjá dóttur sinni, Ólöfu og manni hennar Sophusi A. Blöndal konsúl.

Þeim hjónum, Sigríði og Hafliða varð sex barna auðið. Dó eitt þeirra í æsku en fimm lifa, þau: Helgi kaupm. og afgreiðslumaður, Kristín, ekkja Halldórs Jónassonar kaupm. hjer, Guðmundur, hafnarvörður hjer, Andrjes, kaupm. hjer, og Ólöf, sem fyr getur. Auk þess ólu þau hjón upp frá barnsaldri, frú Guðmundu Benediktsdóttur Jacobsen, gifta Edvin Jacobsen útgerðarmanni og kaupm. í Fosnavaag í Noregi.

Þegar frú Sigríður fluttist hingað á hlómaskeiði aldurs síns, var Siglufjörður að eins órlítið útkjálkakaupstún, með einni verslun, fáeinum hákarlaskútum og örfáum sálum sem flestar bjuggu hjer í ljelegum torfkofum. Reykjavík mun þá að vísu ekki hafa verið búin að fá á sig neitt stórborgarsnið, en þó má óhætt fullyrða, að viðbrigðin hafa verið mikil fyrir hina ungu konu að koma þaðan og setjast að hjer í hinni harðviðrasömu og einangruðu útkjálkavík sem Siglufjörður þá var, en frú Sigríður mun fljótt hafa sýnt það, að hún var þeim vanda vaxin að laga sig eftir ástæðunum, enda mun hún brátt og að verðleikum hafa hlotið sess í fremstu kvenna röð hjer og þótt víðar væri leitað, og stuðlaði margt til þess: Hún var hin glæsilegasta kona í sjón, hög flestum konum fremur á hvert verk, hin stjórnsamasta húsfreyja og besta móðir börnum sínum og hin umhyggjusamasta og nákvæmasta húsmóðir við hvern gest sem að garði bar, hvort hann átti mikið

Síra Magnús Bl. Jónsson sjötugur.

Í dag er síra Magnús Bl. Jónsson frá Vallanesi sjötugur að aldri. Er hann fyrir löngu þjóðkunnur orðinn fyrir dugnaðar sakir og farsælla afskipta af opinberum málum. Eins og bræður hans Bjarni frá Vogu og dr. Helgi er síra Magnús gáfumaður. Hafa gáfur hans stefnt í hagnýta átt, sem einkanlega er vert að minnast meðal þjóðar vorrar, sem því miður er of skamt á veg komin til að kunna að verðleikum að meta slíka tegund hæfileika. — Síra Magnús hefir starfað mestan hluta manndómsára sinna austur á Fljótdalshjéraði. — Var hann prestur í Vallanesi um 30 ára skeið og jafnan vel metinn, enda gerðist hann forgöngumaður ýmsra framfara sem hjéraðið hefir búið að síðan. Átti hann frumkvæðið að því að Fagradalsbrautin var lögð, og hafði ásamt síra Einari Þórðarsyni forgöngu að stofnun Búnaðarsambands Austurlands. — Var hann formaður sambandsins nær 20 ár. Í stjórn Eišaskólans átti hann og lengi sæti.

Allra manna var hann afkastamestur um túnrækt, og ber Vallanesstaður þess ljós merki. — Utan Austurlands eru afskipti síra Magnúsar af stofnun Eimskipafjelagsins og rekstri togaraútgerðarinnar kunnust. Áhugi hans á hinu síðarnefnda máli varð einkum ljós eftir að hann hafði flutst búferlum til Reykjavíkur. — Sem kunnugt er, standa ýmsir annmarkar þessum mikilvægasta atvinnuvegi landsins fyrir þrífum, og hefir síra Magnús manna best skýrt þetta í blaðgreinum er hann hefir um málið ritað, og auk þess komið með margar viturlegar tillögur til bóta.

Enda þótt síra Magnús sje nú kominn á þann aldur er mörgum tekur að förlast, þá sjást ekki á honum ellimörk. Hann lítur út eins og hann væri fyrir innan sextugt, og á því eflaust enn þá eftir að grípa víða hendi til og sjá margar af hinum vel grunduðu tillögum sínum rætast.

H.

eða lítið að sjer. Mátti segja að þeim hjónum báðum væri hin íslenska gestrisni í merg runnin, því aldrei voru þau glaðari, en þegar fult var hús gesta hjá þeim og voru þau í því sem fleiru samhent, að geita gestum sínum stundina sem ánægjulegasta. Mun gestrisni þeirra hjóna, hjálpssemi og holl ráð, sem margir nutu, hafa átt sinn þátt í, að afla þeim þeirra óvenju miklu vinsælda er þau nutu utan lands sem innan og sem sýndu sig best er norskir vinir þeirra reistu Hafliða veglegan bautastein að honum látum.

Margir munu þeir verða vinir hinnar háöldruðu heiðurskonu, sem minnast hennar með hlýleik og virðingu í heimsókn til hennar og skeytum, og eru fleiri þó, sem minnast hennar og öðlingsins, manns hennar og hins gestrisna og glaðværa heimilis þeirra „Hafliðahússins“ í hugum sínum með hlýleik, virðingu og þökk.

Gamall vinur.

Hljómleikar.



Hans Neff.

Næstkomandi sunnudag eiga menn von á góðri skemtun í Gamla Bíó. Píanoleikarinn Hans Neff, kennari við Tónlistaskólann, ætlar að halda hljómleika.

Það kvísaðist þegar í haust, er þeir komu nýju kennararnir að Tónlistaskólanum, að píanoleikarinn væri snillingur á hljóðfæri sitt. Dr. Mixa, sem útvegaði hann hingað, sendi skeyti þess efnis, að sjer hefði tekist að útvega framúrskarandi píanoleikara og virðist það ekki of sagt.

Hans Neff er ungur maður, að eins 31 árs að aldri. Hann er Wienarabúi og hefir fengið þar mentun sína. Aðalkennari hans var Viktor Ebenstein, sem talinn er fremstur píanoleikari í Wienarborg og auk þess í fremstu röð píanoleikara. Mun Ebenstein hafa talið Neff einna efnilegastan nemanda sinna.

Þrátt fyrir ungan aldur hefir Neff þegar ferðast allvíða sem píanoleikari. Hann hefir haldið hljómleika í Wien og víðar í Austurríki, Sviss, Hollandi og Svíþjóð og alls staðar hlotið ágæta dóma. Leikni hans er örugg og mikil, svo mikil, að hún myndi vera hættuleg öðrum en þalmentuðum og þroskuðum listamanni. Tónmyndun og hrynjandi er með ágætum. — Allur flutningur ber vott um ríka og þroskaða listgáfu og skap.

Þeir, sem ókunnugir eru atvinnumálum annara þjóða, hljóta að undrast, að slíkur maður skuli hingað kominn, en því meiri ástæða er fyrir okkur til að gleðjast yfir þeirri heppni okkar að fá hann hingað.

Píanohljómleikar hafa verið heldur fágætir hjer í seinni tíð, svo að ástæða er til að ætla, að menn noti þetta tækifæri til að hlýða á jafnfrábæran píanoleikara og Neff. Auk þess má ætla, að mörgum leiki forvitni á að kynnast manni þessum, sem hingað er kominn til að taka þátt í þeirri þörfu menningar og uppeldisstarfsemi, sem Tónlistaskólinn hefir gert að hlutverki sínu.

Verkefni á sunnudaginn verða eftir Mozart, Chopin, Debussy, Paderewsky og Liszt.

Ó. Þ.

Atvinnuleysi minnar í Englandi.

London, 4. nóv.
United Press. FB.

Tala hinna atvinnulansu var þ. 26. okt. 2.726.092 eða 11.789 færri en vikuna á undan.

NATHAN & OLSEN

1. fl. Kartöflumjöl

er nú aftur fyrirleggjandi.

Fyrirleggjandi:

Allar tegundir af niðursoðnum ávöxtum bæði í heilum og hálfum dósum.

Egbert Kristjánsson & Co.

Símar 1317, 1400 og 1413.

H&O

Álaborgar rúgmjöl og hálsigtimjöl

seljum við mjög ódýrt.

H. Benediktsson & Co.

Sími 8 (fjórar línur).

ATVINNA.

Arðvænlegt fyrirtæki, sem gefur kaupanda góða og hæga atvinnu, er til sölu nú þegar. Lysthafendur leggi nafn sitt og heimilisfang í lokuðu umslagi inn á A. S. Í. fyrir sunnudag, 8. þ. m. Merkt: „ATVINNA.“

VETRARFRAKKAR

fyrir karlm., unglínga og drengi.
Mest og fallegast úrval. Lægst verð

Haraldur Arnason

Góð kvöldstund.

Mig langar til að benda þegar-
búum á, að þeir eiga kost á því
að njóta góðrar stundar í dóm-
kirkjunni í kvöld kl. 8½.

Kirkjunefnd kvenna, sem starfar
að því að prýða kirkjuhúsið,
hefir með samsöngvum safnað fje,
sem varið hefir verið til skreyt-
ingar kirkjunnar, eins og sjá má,
er lítið er á kórgólf kirkjunnar

og horft er á altarið blómum
prýtt. Nefnd þessi á þakkir skilið
fyrir sitt veglega starf, og er það
mjög gleðilegt, að hún hefir á-
valt átt því láni að fagna að geta
fengið fólk til aðstoðar, karla og
konur, sem með söng og hljóð-
færslætti hafa veitt mörgum á-
nægju og gleði, er kirkjuhljóm-
leikar hafa verið haldnir í dóm-
kirkjunni að tilstuðun nefndar-
innar.

Er nú áformað að halda kvöld-
söng til stuðnings starfi þessarar
nefndar, og verður þar vól á
ýmsu, er eykur fróðleik og gleði.

Söngsveit kirkjunnar ætlar að
syngja andleg ljóð. Verður söng-
um stjórnað af Sigfúsi Einarssyni
organleikara. Jón Guðmundsson
deildarstjóri syngur einsöng og
síra Friðrik Hallgrímsson flytur
erindi.

Vona jeg, að öll sæti kirkjunnar
verði skipuð og að menn á þann
hátt styðji gott málefni um leið
og þeir veita sjálfum sjer gleði.
Bj. J.

Sjómannakveðja.

FB. 4. nóv.

Farnir áleiðis til Þýskalands. —
Kærar kveðjur til vina og vanda-
manna.

Skipshöfnin á Hannesi ráðherra.